



Dalabyggð

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundi nr. 250,
dags: 17. október 2024

- Hér í þessari skýrslu minni eru rakin helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 19. september sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 668 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. október sl. og hefur fjölgað um 3 frá því í byrjun september.



-
- Deiliskipulagsvinna fyrir Búðardal er nú á lokastigum. Vinnan er og var tvískipt, þ.e. unnið var með göturnar sunnan Brekkuhvamms sér og er það verkfræðistofan Eflu sem heldur utan um þá vinnu og svo er Arkís sem heldur utan um aðra hluta íbúðasvæðisins í Búðardal. Stutt er í að sú vinna sem Arkís sinnir ljúki og er stefnt að því að kynna þá tillögu á íbúafundi á næstunni. Hér fyrr á fundinum samþykkti sveitarstjórn tillögu að deiliskipulagi Hvammasvæðisins, það er mikilvægt að ná þeim áfanga því eins og rætt hefur verið er Búðardalur nánast uppseldur og ekki til íbúðir til sölu eða leigu.
 - Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja er í fullum gangi og er nú á allra næstu dögum fyrirhugað að fara að slá upp fyrir steypu á íþróttahúshlutanum, annað bíður síðan vors.





-
- Héraðsbókasafn Dalasýslu stóð fyrir lestrarátaki yfir sumarið í þriðja sinn. Gefin voru út þrjú bingó-spjöld fyrir mismunandi aldur þ.e. 5-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára. Þátttakendur sóttu spjöldin á bókasafnið fyrir sumarlokun en á hverju spjaldi voru nokkrir reitir sem lýstu aðstæðum eða athöfn sem átti að framkvæma á meðan lestri stóð. Mánudaginn 7. október sl. var svo þátttakendum boðið að mæta á bókasafnið og fengu gjafir fyrir að hafa lokið bingóinu. Það voru 12 sem tóku þátt í ár og er þeim þakkað fyrir, sem og þeim foreldrum sem sýndu gott fordæmi með því að taka líka þátt í bingóinu. Það er ánægjulegt að sjá fjölgun þátttakenda milli ára, það er sannarlega hvatning til að halda áfram með lestrarátak yfir sumartímann.

-
- Fyrsti fundur nýskipaðs Ungmennaráðs Dalabyggðar var haldinn þann 7. október sl. Í stjórn Ungmennaráðs sitja fjórir fulltrúar og starfar ráðið skv. erindisbréfi. Formaður nú er Alexandra Agla Jónsdóttir, varaformaður Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, ritari Guðmundur Sören Vilhjálmsson og með stjórnandi er Baldur Vilbergsson. Verkefnastjóri fjölskyldumála starfar með Ungmennaráðinu núna um sinn.





- Sameiginlegur fundur sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtaka sveitarfélaga í landshlutanum með Alþingismönnum í Norðvesturkjördæmi fór fram fyrir stuttu. Voru þar rædd öll þau helstu mál sem á okkur fulltrúum sveitarfélaganna brenna í samskiptum við ríkið. Má þar nefna fjárlög og innihald þeirra, staða á samgönguáætlun, málefni barna með sértækan vanda og áfram mætti telja. Allt eru þetta þættir sem nú eru í algerri óvissu með hvernig þeim reiðir af í þeirri má segja ringulreið sem nú er í kjölfar slita á ríkisstjórnarsamstarfi. Nú stöndum við frammi fyrir því að kosið verður til þings þann 30. nóvember n.k. og þurfum við hér í Dalabyggð að gera klárt fyrir kjördag og treystum við á okkar góðu kjörstjórn og starfsmann hennar að vel takist til í framkvæmd kosninga hér í Dölum eins og endranær.

-
- Íbúafundur í tengslum við verkefnið DalaAuður verður haldinn hér í Dalabúð seinna í dag. Á íbúafundinum gefst okkur íbúum tækifæri til að forgangsraða og móta áherslur verkefnisins. Við hvetjum alla íbúa til að mæta og leggja línurnar fyrir árið 2025 þannig að endilega skráið í dagbókina gott fólk þessa mikilvægu tímasetningu. Hér fyrr á þessum fundi ræddum við um stöðu verkefnisins í ljósi þess að því líkur að óbreyttu í árslok árið 2025, verkefnið hefur reynst afar vel hér í Dölum og vonandi að við náum áframhaldi á góðu samstarfi við Byggðastofnun óháð því í hvaða mynd það samstarf verður.



Fjárfestingar sveitarfélaga loksins að aukast



- Ársfundur Jöfnunarsjóðs var haldinn miðvikudaginn 9. október sl. Jöfnunarsjóðurinn er gríðarlega mikilvægt verkfæri stjórnvalda til þess að jafna aðstöðu sveitarfélaga eins og kostur er. Enn á ný er nú hafin umræða um að breyta regluverkinu í kringum sjóðinn og hef ég fullan skilning á því en vek enn og aftur athygli á því að gæta þarf vel að öllum hliðum máls og tekjupósta sem misjafnir eru á milli sveitarfélaga eftir því hvar þau eru.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram dagana 10. og 11. október. Við vorum 7 fulltrúar Dalabyggðar sem mættum á ráðstefnuna, bæði kjörnir fulltrúar og embættismenn. Ráðstefnan var fjölmenn eða um 500 manns af öllu landinu hittust til að ráða ráðum sínum sem og til að hlusta á erindi og kynningar. Að mínu mati er samkoma sem þessi afar mikilvæg til þess að ráða ráðum og bera saman bækur því alltaf er gott að leita í reynslubanka annarra.

-
- Fulltrúar sveitarfélagsins hittu núna í vikunni fulltrúa Minjaverndar ehf. inn í Ólafsdal til þess að kynna sér stöðu mála og fá upplýsingar um hver áform félagsins eru á næstunni. Samtalið var gagnlegt og verður áhugavert að sjá hverju fram vindur á þessum merka stað sem Ólafsdalur er.



- Brunavarnir og samstarf okkar við Reykhóla og Strandir er til skoðunar eins og kunnugt er. Skjöldur Orri Skjaldarson gegnir nú um starfi slökkviliðsstjóra tímabundið í 50% starfi en til umræðu er í stjórn byggðarsamlagsins hvernig halda skuli utan um starfið til framtíðar og hvernig samstarfinu sé best háttað. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir í nóvembermánuði.



-
- Haustþing SSV var haldið í gær, miðvikudaginn 16. október. Vað það haldið í Ólafsvík að þessu sinni. Við vorum þrjú sem sóttum haustþingið f.h. Dalabyggðar og tókum þátt í málefnnastarfi því sem unnið var. Vonandi er að þær mikilvægu ályktanir sem haustþing SSV mun senda frá sér nú í kjölfarið komi að gagni í samskiptum okkar við ríkisvaldið og aðra hagaðila á komandi tímum. Á fundinum var frumsýnt kynningarmynd sem unnið hefur verið fyrir Vesturland og í raun hvern fjórðung fyrir sig og fylltist undirritaður stolti þegar myndband um Dali kom á skjáinn.
 - Breytingar varðandi flokkun í Dalabyggð á úrgangi taka gildi á næstunni og vek ég athygli á íbúafundi sem haldinn verður þann 21. október n.k. þar sem fyrirkomulagið verður kynnt. Leiðbeiningar til íbúa vegna þessa er nú í dreifingu og frétt er komin á heimasíðu okkar.




- Fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 til 2028 er nú á lokametrinum og stefnt að því að á fundi byggðarráðs sem haldinn verður þann 31. október n.k. verði lögð lokahönd á vinnuna fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórn. Reikna má með að einhverjar mögulegar breytingar verði á milli umræðna, m.a. í kjölfar fyrirhugaðra íbúafunda sem við ætlum að halda á milli umræðna og hafa þá fundi með líku sniði og í fyrra þar sem boðið var upp á tvo fundi á Nýsköpunarsetrinu, verður tímasetning þeirra kynnt þegar nær dregur. Það er mikilvægt að halda vel á málum áfram í rekstri Dalabyggðar þannig að sveitarfélagið verði áfram sjálfbært í sínum mikilvæga rekstri.

Samvinna sveitarfélaga er lykillinn!

Við eigum nýta sameiginlegar lausnir

Saman eru sveitafélögin öflugari og geta saman búið til lausnir sem eru skilvirkari og hagkvæmari, sem taka heildstætt á stafrænum samskiptum við íbúa

Máttur í fjöldanum!



- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 17/10/2024

